

Sp.

1060. Nefndarálit

[160. mál]

um till. til þál. um fræðslu meðal almennings um kynferðismál.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og telur að með hliðsjón af sjúkdómnum alnæmi sé full ástæða til aukinnar fræðslu um kynlíf og kynsjúkdóma, en frumskilyrði er að efla almennt siðferði varðandi kynlíf og barneignir.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri

B R E Y T I N G U :

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að efla verulega fræðslu um kynferðismál meðal almennings með það að meginmarkmiði að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir og hindra útbreiðslu sjúkdóma. Sérstök áhersla skal lögð á að upplýsa fólk á aldrinum 15–19 ára um kynlíf og getnaðarvarnir.

Alþingi, 18. mars 1987.

Gunnar G. Schram,
form.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.

Árni Johnsen,
frsm.

Guðrún Helgadóttir.

Stefán Valgeirsson.

Friðjón Þórðarson.

Jón Kristjánsson.